



Nefndasvið Alþingis,  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík.  
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 16. nóvember 2022

**Efni: Umsögn frá lífefnaframleiðslufyrirtækinu Ísteka ehf. um 53. mál á 153. löggjafarþingi, Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi)**

Með vísan til umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd, dags. 2. nóvember 2022.

Undirritaður hefur þegar sent fyrir hönd Ísteka ehf. umsagnir um frumvörp sem lögð voru fram á 151. og 152. löggjafarþingi um sama efni. Efni þeirra umsagna er enn í fullu gildi og skoðast sem hluti þessarar umsagnar. Afrit af þeim eru hér meðfylgjandi, sjá fylgiskjal 1 og fylgiskjal 2.

Nefndarmönnum til frekari glöggvunar fylgir hér einnig með skýrsla um blóðtökur ársins 2022, sjá fylgiskjal 3.

Þá er nefndarmönnum einnig bent á að kynna sér viðauka 2 í umsögn Ísteka ehf. um reglugerðardrög sem síðar urðu að reglugerð nr. 900/2022, um blóðtöku úr fylfullum hryssum, sjá fylgiskjal 4. Viðaukinn fjallar um þau gríðarmiklu og jákvæðu umhverfislegu áhrif sem notkun á vöru þeirri sem Ísteka framleiðir hefur í för með sér.

Á það skal enn fremur bent að umsagnir erlendra sérfræðinga á sviði búfjárhalds sem bárust atvinnuveganefnd á seinasta starfsþingi eiga eins vel við í dag og þegar þær voru sendar nefndinni, sjá fylgiskjal 5. Aðrar umsagnir innlands kunnáttufólks s.s. bænda og blóðtökudýralækna eru að skjálfsögðu fullgildar í dag sem áður.

Enginn skortur hefur verið á rangfærslum um búgrein þá er hér um ræðir, framleiðslu Ísteka á virku lyfjaefni úr hráefninu og notkun þess í fullbúnum lyfjum víða um lönd. Ísteka hefur þegar svarað og leiðrétt fjölda rangfærslna í blaðagreinum og því óþarft að halda þeim frekar til haga hér. Þó er ástæða til að halda til haga og leiðrétt eftir megni rangfærslur sem flutningsmenn þessa frumvarps hafa haldið á lofti í greinagerðum þess (sem hafa reyndar skánað frá fyrstu framlagningu) og í ræðum á Alþingi. Það sem þar kemur fram bendir til afar takmarkaðs skilnings flutningsmanna frumsvarpsins á ýmsu því er varðar velferð dýra, búfjárhald og lífeðlisfræði dýra svo fátt eitt sé nefnt.

Hér skulu tilgreind nokkur dæmi:

- „Blóðmerar eru láttnar ganga með folöld eins oft og mögulegt er til að hámarka afköst hveirrar merar, þar til hormónið finnst ekki lengur í blóði hennar. Þegar svo er komið er merunum slátrað“ (úr greinagerð). Það sem hér segir má túlka

Ísteka ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786



sem svo að hryssurnar í ferlinu séu einnota, þegar hið öndverða er reglan; hryssur gefa blóð ár eftir ár og mörg dæmi eru um hryssur sem hafa gefið blóð í hátt í tvo áratugi. Hryssum er eðlislægt að kasta folaldi á hverju ári og það gera þær langflestar hafi frjótt karldýr verið í nánd við þær á fengitímanum árið á undan en meðgöngutími hryssna er sem næst 48 vikur. Blóðtakan „klárar“ ekki hormónið úr hryssunum, líkamar þeirra mynda það á ákveðnu tímabili meðgöngunnar hverju sinni algerlega óhád blóðtökunum.

- *„Á Íslandi sæta fylfullar merar mismiklu og misgrófu ofbeldi við blóðtöku þegar verið er að ná úr þeim hormóninu PMSG. Það má glögglega sjá í heimildarmyndinni „Ísland – land 5.000 blóðmera“ sem var frumsýnd 22. nóvember 2021 og vakti sterk viðbrögð og mikla reiði um heim allan. Í myndinni er fjallað um blóðmerahald á Íslandi þar sem greinilega kemur í ljós sú illa meðferð, misþyrming og dýranið sem hryssurnar þurfa að sæta við blóðtökuna. Í myndinni eru færð rök fyrir því að ætla megi að slíkt harðræði tíðkist almennt við blóðtökuna hér á landi.“* (úr greinagerð). Fullyrðingar um almennt ofbeldi gagnvart hryssum dæma sig sjálfar og eru í hrópandi misræmi við upplifun þeirra sem fylgst hafa með blóðtökum í framkvæmd í stað þess að horfa á tilklippt myndband. Fráleitt er að ætla að „heimildarmynd“ úr ranni herskárra öfgamanna gefi raunsanna mynd af þessari eða þá annarri starfsemi með dýr. Enn fáránlegri er sú röksemdafærsla að nokkuð úr þeirri átt geti stutt við smíði laga um dýravelferð nytjadýra. Markmið baráttu samtaka þessara er að hætt verði hvers konar hagnýtingu dýra.
- *„Evrópuþingið hefur skorað á bæði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og aðildarríki þess að hætta innflutningi og framleiðslu á PMSG. Áskorun þingsins til aðildarríkja ESB er í raun einnig beint til Íslands sem aðildarríkis EES-samningsins. Ef framkvæmdastjórnin grípur til aðgerða til að framfylgja ályktun Evrópuþingsins, sem felur í sér bann við blóðmerahaldi í Evrópu, liggur ljóst fyrir að slíkt bann mun ná til Íslands á grundvelli EES-samningsins.“* (úr greinagerð). Ofangreint byggist á misskilning og rangtúlkun. Í fyrra samþykkti Evrópuþingið með atkvæðagreiðslu að senda framkvæmdastjórn bókun í á annað hundrað liðum um hin ýmsu mál sem öll tengjast Farm to Fork verkefninu. Bókunin hefur ekkert lagalega bindandi gildi. Atriði númer 130 varðar hlutverk tilraunadýra í fæðukeðjunni og er PMSG sameindinni þvælt þar inn einhverra hluta vegna. Blóðnytjahryssur eru ekki tilraunadýr og hefur Matvælaráðuneytið tekið af öll tvímæli um það, svo sem sjá má í svari þess til EFTA skrifstofunnar dags. 15.6.2022, sjá fylgiskjal 6.
- *„Íslandsstofa hefur á undanförunum sex árum verið í sérstöku markaðsátaki til að kynna íslenska hestinn á erlendri grundu. Átakið felst í því að íslenski hesturinn verði þekktur á heimsvísu sem reiðhesturinn með góða geðslagið, sá sem færir fólk nær náttúrunni. Markmiðið með áttakinu er að auka verðmætasköpun sem byggist á íslenska hestinum, styrkja ímynd hans í vitund fólks um heim allan og markaðssetja vörumerkið Horses of Iceland.“* (úr greinagerð). Dómsdagsspár seinasta hausts og vetrar um sölutregðu á íslenskum hrossum í kjölfar áróðursmyndar AWF raungerðust ekki og raunar var það svo



að sala jókst talsvert þótt ekki hafi blóðbændur eða Ísteika eignað sér þann heiður. Það er auðvitað göfugt verkefni að auka verðmætasköpun sem byggist á íslenska reiðhestinum en gott er að hafa það jafnframt í huga að þótt blóðgjafarhryssur telji innan við 10% íslenska hrossastofnsins skilar eCG/PMSG lyfjaefnið nokkurn veginn því sama og öll útflutt reiðhross. Og það án sérstakra ríkisstyrktra kynninga.

- *„Hengdur upp á þeim hausinn til að ná í bláæðina slagæðina í hálsinum og það er engin venjuleg nál sem er verið að troða í slagæðina til að dæla úr þeim 5 lítrum af blóði á met tíma“.* (Inga Sæland, Alþingi 27.10.2022) Slagæðastungur tíðkast ekki við söfnun á blóði úr hryssum enda eru þær vandmeðfarnar og algerlega óviðeigandi. Höfuð hryssu er venjulega fest með múl henni sjálfri og dýralækni til varnar. Þannig er hægara og fljótlegra að nálgast bláæð í hálsi hryssunnar. Múlfestingin er því til varnar að hryssan slái höfðinu til og geti þannig meitt sig sjálfa og dýralækninn. Stungustaður er ávallt staðeyfður fyrir stungu blóðtökunálar. Það er rétt að blódtakan tekur einungis stutta stund, varla mikið meira en 5 mínútur. Að henni lokinni er hryssunni sleppt út til folalds síns og í haga til annarra hrossa.
- *„Þá er þetta hormón hægt að fá í líftækniönaðinum. Það er ekki flóknara en það, það er algerlega ástæðulaust að níðast í íslenskum hryssum“* (Inga Sæland, Alþingi 27.10.2022) Sögur af staðgöngulyfjum fyrir eCG/PMSG hafa reglulega heyrst og má skipta í tvo hluta. Annars vegar eru fjöldamörg lyf á markaði sem notuð eru á einn eða annan hátt til að hafa áhrif á eða stýra atriðum tengdum frjósemi skepna. Ekkert þeirra hefur sömu breiðu og langvarandi virkni og eCG/PMSG. Flest hafa verið á markaði um ára- eða áratugaskeið án þess að „ógná“ með neinum hætti sessi eCG/PMSG. Hins vegar eru líftæknilyfjarnar sem eru um þessar mundir að umbylta lyfjameðferðum manna við ýmsum sjúkdómum sem erfitt reyndist að meðhöndla fyrir tilkomu þeirra. Líftæknilyfjarnar eru oftast óheyrilega dýr í þróun og framleiðslu og mörg þau vinsælustu byggjast á mótefnum (mAb), en eCG/PMSG er ekki mótefni heldur töluvert flóknari sameind. Taka má dæmi um Alvotech á Íslandi sem eyðir tugum milljarða í þróun líftæknilyfja en skilja má á upphrópunum flutningsmanna frumvarpsins og öðrum að líftæknilyfjarnar byggja á eCG sameindinni verði svo að segja tekið upp úr koppi. Heyrst hafa fréttir af líftækni framleiddu eCG/PMSG á rannsóknarstofu sem sagt er hafa svipaða virknibreidd og upprunalyfið en þó styttri helmingunartíma. Ísteika og aðrir aðilar sem starfa í þessum geira lyfjaiðnaðarinn hafa reynt að verða sér úti um sýni til prufu en án árangurs. Það lítur því hvorki vel út með framboð né verð á þessum lyfjum í náinni framtíð og jafnvel þótt lengra sé skyggst fram um veg.
- *„Eins og okkur var talin trú um að væru dýralæknar sem tækju blóð úr þessum hryssum einu sinni í viku, fimmbúsund þrjúhundruð og eitthvað hryssum. Virðulegi forseti það er ómöguleiki, það er algjör ómöguleiki. Við eigum ekki nógu marga dýralækna til þess að geta sinnt því þannig að það séu dýralæknar sem taka blóð. Enda hafa þeir sumir hverjir viðurkennt að þeir koma bara við*



og hlaupa bara við á bæjunum þar sem iðjan fer fram en þeir geta ekki staðið í því að sjúga blóð úr hryssunum á fleirituga bæjum í hverri einustu viku. Það er bara einfaldlega ómöguleiki.“ (Inga Sæland, Alþingi 27.10.2022). Hér fer fyrsti flutningmaður frumvarpsins með staðlausa stafi úr ræðustól Alþingis og það ekki í fyrsta sinn. Um 10 dýralæknar komu að blóðtökum ársins 2022 sem voru um 24.000 talsins á 12 vikna tímabili. Það eru að meðaltali 2 þúsund blóðtökur á viku eða 40 blóðtökur á dag að meðaltali á hvern dýralækni sem sinnti þessari vinnu 5 daga vikunnar. Sumir tóku minna en það og aðrir mun meira. Starfandi dýralæknar á Íslandi í dag eru á þriðja hundrað.

- „Því hér á landi eigum við afskaplega aumar og litlar rannsóknir sem liggja að baki og eiginlega ekki bara neinar“ (Inga Sæland, Alþingi 27.10.2022). Á upphafsárum þessarar starfsemi voru gerðar rannsóknir hér á landi á áhrifum blóðtöku á hryssur, hvoru tveggja á grunni blóðmyndar þeirra og sældar. Rannsóknirnar leiddu í ljós að blóðtökur eftir íslenska kerfinu sem þá var í myndun og hefur verið stuðst við síðan, teljast vera létt álag á líkama hryssna. Það á ekki síst við ef miðað er við aðra vinnu sem hrossum almennt er ætluð, en blóðgefandi hryssur sinna ekki, s.s. að bera fólk um lengri vegalengdir. Allar síðari tíma rannsóknir hafa stutt þetta fyrsta mat enda var vel til vandað frá byrjun. Uppsöfnuð reynsla yfir fjögurra áratuga tímabil og af hundruðum þúsunda blóðtaka segir óyggjandi sögu öruggar og dýravænnar búgreinar.
- „Blóðmerahald er dýranið. Það að taka blóð úr fylfullri hryssu til að taka vaxtarhormónið úr fylfullru hryssu er dýranið, það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps“ (Eyjólfur Ármannsson, Alþingi 27.10.2022). Vont er að heyra þingmann enduróma orð sem dómstóli götunnar er orðið fulltamt. Orðið „dýranið“ var áður fyrr eitt ógeðfældasta orð íslenskrar tungu. Orð sem nú virðist gjaldfellt, m.a. fyrir tilstilli þingmanna í ræðustól Alþingis. Þó er verra að þingmaðurinn virðist ekki enn gera sér grein fyrir eðli hormónsins sem hann vill þó banna, hvornig það er notað og til hvers. Ítrekað nefnir hann not lyfsins sem einhverja forsendu fyrir því að banna eigi blóðtökur úr hryssum en skilur svo ekki grunnatriði tengd notkun þess. eCG/PMSG er frjósemishormón og hefur virkni í æxlunarfærum kvendýra en ekki vöðvamassa eða öðru slíku eins og skilja mátti af ræðu þingmannsins sem hann svo endurtók með öðru orðlagi.
- Fyrirtækið hefur gert sér far um, einkanlega þó eftir að það komst í hringiðu umræðunnar, að uppfræða um starfsemi sína. Sumir bændur hafa að eigin frumkvæði opnað býli sín þannig að áhugasamir geti fræðst og sett sig inn í málin með raunhæfum hætti. Meðal annars hafa bændur boðið þingmönnum í heimsókn, þ.á.m. einum flutningsmanna frumvarpsins, sem ansaði ekki boðinu. Þó lagði hann nafn sitt við frumvarpið um svipað leyti. Betur hefði farið á því að kynna sér málin áður en hann gekk svo vasklega fram gegn atvinnugreininni.



**Það er ítrekað hér enn og aftur að Ísteka ehf. leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps og óskar eftir áheyrn atvinnuveganefndar til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum félagsins og svara spurningum nefndarmanna.**

Virðingarfyllst,

Arnþór Guðlaugsson  
framkvæmdastjóri

Ísteka ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786



**Fylgiskjal 1.** Umsögn Ísteka ehf. um 543. þingmál frá 151. löggjafarþingi, bls. 1 af 3



Skrifstofa Alþingis – nefndasvið.  
Austurstræti 8-10.  
150 Reykjavík.  
nefndasvid@althingi.is

**Efni: Umsögn um þingmál 543, frumvarp til breytinga á lögum um velferð dýra.**

Reykjavík 30.mars 2021

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis þann 18. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Ísteka ehf. um þingmál 543, frumvarp til breytinga á lögum um velferð dýra nr. 55/2013.

Umrætt þingmál gengur út á að banna alfarið blóðgjafir íslenskra hryssa. Um eitt hundrað íslenskir bændur stunda þessa búgrein af myndarskap en líftækni fyrirtækið Ísteka er eini aðilinn á landinu sem vinnur verðmætt lyfjaefni úr slíku gjafablóði.

Greinargerð sú sem fylgir frumvarpinu er gerð af svo mikilli vanþekkingu að því miður er ekki hægt að svara henni efnislega af neinu viti. Því verður ekki gerð tilraun til þess hér. Fyrirtækið vill hins vegar reyna að greiða eins og hægt er úr þeirri upplýsingaóreiðu sem framlagning frumvarpsins og greinargerðarinnar hefur valdið.

#### Um fyrirtækið

Ísteka ehf. er nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur verðmætt lyfjaefni úr blóði úr íslenskum hryssum. Nánast allar afurðir eru fluttar úr landi og skapa gjaldeyriskjör sem námu um 1,7 milljarði króna í fyrra. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 40 manns og um helmingur er háskólamenntaður.

#### Um leyfi og eftirlit

Ísteka starfar samkvæmt leyfi frá Lyfjastofnun og þar með á öllu starfssvæði Evrópsku lyfjastofnunarinnar (EMA). Lyfjaverksmiðja og verkferlar fyrirtækisins eru samþykkt af Bandarísku lyfjastofnunni (FDA). Fyrirtækið uppfyllir alþjóðlega GMP (*Good manufacturing practices*) staðalinn sem er viðurkenndur í lyfjaframleiðslu. Fyrirtækið er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Ísteka ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150  
VSK númer: 69786

Vefsíða: [isteka.is](http://isteka.is)  
sími: 581-4138  
gsm: 662-0028  
netfang: [arnthor@isteka.com](mailto:arnthor@isteka.com)

Ísteka ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786





## Fylgiskjal 1. Umsögn Ísteka ehf. um 543. þingmál frá 151. löggjafarþingi bls. 2 af 3



### **Blóðgjöfin**

Blóðgjöfin er framkvæmd af dýralæknum að undangenginni staðdeygingu og er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar. Að jafnaði gefur hryssa blóð fimm sinnum á sumri og aldrei oftár en átta sinnum. Alls eru blóðgjafahryssurnar á Íslandi um 5.000 talsins. Blóðgjöf er að hámarki 5 lítrar í hvert sinn sem rannsóknir hafa sýnt að er öruggt fyrir hryssuna.

### **Dýravelferð og gæðaeftirlit**

Þessi búgrein hefur vaxið á undanförmum árum og nú eru um hundrað bændur í samstarfi við Ísteka. Unnið er eftir ítarlegri gæðahandbók fyrir blóðgjafir og gerður hefur verið sérstakur dýravelferðarsamningur við hvern og einn bónda, sem er einstakt á Íslandi. Þá starfar hjá fyrirtækinu sérstakur dýravelferðar- og gæðafulltrúi sem hefur aðgengi að þeim hrossum og aðstöðu hjá bændum til ráðgjafar og eftirlits.

### **Dýravelferðarsamningar**

Dýravelferðarsamningarnir eru byggðir á skilyrðum Matvælastofnunar og Fagráðs um dýravelferð sem sett eru í samræmi við nýjustu lög og reglugerðir. Þar er meðal annars að finna sérstök ákvæði um nærgætni í umgengni og hvíld hrossanna, ákvæði um gott beitiland og aðgang að vatni og saltsteinum. Sérstök ákvæði eru einnig í dýravelferðarsamningnum um góða aðstöðu þar sem blóðgjöf fer fram.

Öll blóðgjafahrossin eru skráð hjá Matvælastofnun í gagnagrunninn World feng þar sem ábyrgðarmaður hverrar hryssu er skráður.

Fóstureyðingar blóðgjafahryssa eru ekki leyfðar og folöld ganga að jafnaði undir mæðrum sínum á blóðgjafatímabilinu.

### **Eftirfylgni með heilbrigði dýranna**

Þá eru einnig í velferðarsamningunum sérstök ákvæði um að blóðgjafir séu ekki heimilar úr hryssum á bæjum þar sem hafa komið upp frávik við velferð hrossa samkvæmt Matvælastofnun.

Vel er fylgst með heilbrigði dýranna eftir blóðgjöf. Vandlega er haldið er utan um afföll á blóðgjafatímanum og eru þau um eða tæplega 0,1%, sem er sambærilegt við það sem þekkest hjá hrossum sem ekki gefa blóð.

Ísteka ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150  
VSK númer: 69786

Vefsíða: [isteka.is](http://isteka.is)  
sími: 581-4138  
gsm: 662-0028  
netfang: [arnthor@isteka.com](mailto:arnthor@isteka.com)

Ísteka ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786



**Fylgiskjal 1.** Umsögn Ísteika ehf. um 453. þingmál frá 151. löggjafarþingi. bls. 3 af 3



**Niðurlag**

Þann 23. febrúar s.l. óskaði fulltrúi Ísteika ehf. eftir fundum með þingflokkum Flokks fólksins og Pírata til þess að veita þeim upplýsingar um hvernig staðið er að blóðgjöfum hryssa á Íslandi, en fulltrúar þessara flokka eru skrifaðir fyrir frumvarpinu. Hvorugur svaraði.

Lífæknifyrirtækið Ísteika ehf. vill áréttta að öll starfsemi þess er háð opinberu eftirliti Lyfjastofnunar, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Blóðgjöfin er ávallt framkvæmd af dýralækni að undangenginni staðdeyfingu og rannsóknir hafa sýnt að hún hefur ekki neikvæð áhrif á heilsu hryssunnar. Afurðirnar og framleiðsluferlamir eru einnig samþykktir af þar til bærum alþjóðlegum aðilum.

Þá er einnig rétt að halda því til haga að þessi búgrein nýtur ekki opinberra styrkja en fyrir utan rúmlega fjórutíu starfsmenn Ísteika ehf., hafa um hundrað bændur og fjólmargir dýralæknar tekjur af þessari starfsemi.

Að lokum bjóðast forsvarsmenn Ísteika ehf. til að koma fyrir Atvinnuveganefnd til að svara þeim spurningum sem enn kann að vera ósvarað.

**Ísteika leggst eindregið gegn því að umrætt frumvarp verði að lögum.**

Virðingarfyllt,

Arnþór Guðlaugsson  
framkvæmdastjóri Ísteika.

Ísteika ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150  
VSK númer: 69786

Vefsíða: [isteka.is](http://isteka.is)  
sími: 581-4138  
gsm: 662-0028  
netfang: [arnthor@isteka.com](mailto:arnthor@isteka.com)

Ísteika ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786





**Fylgiskjal 2.** Umsögn Ísteka ehf. um 15. þingmál frá 152. löggjafarþingi. bls. 1 af 2



Skrifstofa Alþingis – nefndasvið.  
Austurstræti 8-10.  
150 Reykjavík.  
nefndasvid@althingi.is

**Efni: Umsögn um þingmál 15, frumvarp til breytinga á lögum um velferð dýra.**

Með vísun í umsagnabeiðni nr. 11637 frá atvinnuveganefnd frá 14.12.2021.

Undirritaður sendi fyrir hönd Ísteka ehf. inn umsögu um frumvarp sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi. Efni þeirra umsagnar á eins við nú og þá og skoðast sem hluti þessarar umsagnar, sjá afrit neðst í skjali.

Ísteka leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Hér eftir eru nokkrir punktar sem við viljum bæta við fyrri umsögu:

- Ísteka hannar að visbendingar um brot á dýrum sjáist í myndbandi sem dreift var á netinu í nóvember s.l. Félagið hefur hafið vinnu við að þetta eum frekar velferðarefirlitsnet sitt til að koma í veg fyrir að slík atvik gerist. Hvorki er ásættalegt né samgjarnt að setja heila búgrein undir ætlaða sök fára.
- Við þekkjum engin dæmi um að blóðtökur fyrir lyfjaframleiðslu séu bannaðar eins og víða hefur verið haldið fram í umræðu seinustu vikna. Franikvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur itrekað fjallað um beiðnir um að banna innflutning á eCG frá ríkjum í S-Ameríku. Svar hennar hefur einatt verið á einu veg, að ástæða sé til að hvetja viðkomandi ríki til að bæta umgjörð dýravelferðar en að ekki sé tekið undir bann. Dýravelferð blóðhryssa á Íslandi er á miu hærra pláni en í ofangreindum ríkjum.
- Til eru mis opinberar leiðbeiningar, viðmið og ráðleggingar í hinum ýmsu löndum og geinum. Blóðtaka á Íslandi styðst við íslensk viðmið gefin út af MAST á grundvelli íslenskra raunsókna á íslenska hestinum og mati á því álagi sem það veldur hryssuunum, sem er óverulegt.
- Bann við blóðgjöfum íslenskra hryssa væri nýmæli og sérlegt óhappaskref þar sem fordæmið, bann á búskap vegna mögulegra frávikna í dýravelferð, væri líklegt til að stórskaða aðrar landbúnaðargreinar þegar frávik koma upp í þeim.
- eCG, hormónið sem Ísteka framleiðir mætti kalla „grænu sameindina“. Vistspor sameindarinnar er lágt í framleiðslu hvort sem lítið er til rótanna í sveitinni eða við framleiðsluna sjálfa í Reykjavík. Notkun sameindarinnar í dýralækningum minnkar vistspor viðkomandi landbúnaðargreina, eykur dýravelferð innan

Ísteka ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

Vefsíða: [isteka.is](http://isteka.is)  
sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786

Ísteka ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786



## Fylgiskjal 2. Umsögn Ísteika ehf. um 15. þingmál frá 152. löggjafarþingi. bls. 2 af 2



Þeirra auk þess sem sameindin hefur einnig verið notuð með góðum árangri við að auka frjósemi ýmissa villtra dýra og viðkvæmra.

- Engin önnur sameind á markaði í dag hefur sömu breiðu og langvarandi virkni og eCG. Það er meginástæða þess að hún er notuð mjög víða og í mismunandi dýrategundum. Önnur lyf sem hafa annað og þrengra virknisvið eru m.ö.ö. ekki raunhæfur valkostur.
- Tekjur af seldu hryssublóði hafa jákvæð áhrif á dreifðari byggðir landsins. Margir bændur hafa svarað kalli samfélagsins og stjórnvalda og fundið sér nýja leið til tekjuöflunar með því að selja þessa afurð hryssa sinna. Ekki þætti það góð hvatning til frekari nýsköpunar í sveitum að slá úr höndum bænda með lögum þær leiðir sem þeir hafa þegar fundið að þessu marki.
- Rétt er að halda því til haga að hagsmunafélög sem sum hver hafa sett fram gagnrýni á blóðsöfnun fylfullra hryssa gera það einmitt á grundvelli ætlaðra hagsmuna annarra, t.a.m. reiðhestaréktenda. Ekki er hægt að taka undir það að grein blóðsöfnunar hafi neikvæð áhrif á grein reiðhestaréktunar, hvorki í markaðslegu tilliti né kyubótatengdu, og engar vísbendingar eða gögu hafa komið upp sem styðja það mat. Ef viðkomandi hagsmunafélög hefðu raunverulegan áhuga á velferð hrossa mátti auk þess ætla að þau hefðu mun fyrir stigið inn í slíka umræðu með afgerandi hætti og eigin naflaskoðun.
- Ýmsar upplýðingar seinustu vikna eru settar fram af vanþekkingu, eru ósannáðar og/éða gremilega rangar þeim sem til þekkja og er mikilvægt að benda á það. Þar á meðal eru staðhæfingar um ætlaða þjáningu, ómöguleika á tanningu hryssa, heilsufarstjón hryssa af blöðgjöf, vannæringu folalda o.s.frv.
- Verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd eða með breytingum sem hafa sérlega neikvæð áhrif á félagið áskilur það sér rétt til að leita réttar síns og krefjast skaðabóta. Það væri slæmur viðsnúningur að fara úr því að vera öflugur aðili í að knýja áfram atvinnulíf og samneyslu í það að vera bótaþegi.

Það er ítrekað hér að Ísteika ehf. leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps og óskar eftir áheym fyrir atvinnuveganefnd til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum félagsins og til að svara spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllst,

Arnþór Guðlaugsson  
frankvæmdastjóri

Ísteika ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

Vefsíða: [isteka.is](http://isteka.is)  
sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786

Ísteika ehf.  
Grensásvegur 8  
108 Reykjavík  
kennitala: 611200-3150

sími: 581-4138  
netfang: [isteka@isteka.com](mailto:isteka@isteka.com)  
VSK númer: 69786

## Yfirlit yfir starfsemi Ísteka ehf á blóðtökutímabilinu árið 2022

### Almennt um starfsemina á árinu 2022

Í ár var unnið eftir hefðbundnu skipulagi í frumstarfsemi Ísteka þar sem blóð er tekið úr fylfullum hryssum til að afla hráefnis til vinnslu lokaafurðar sem er eCG/PMSG homóníð. Hagnýting þess hefur margvislegan ávinning í för með sér sem víða hefur verið rakið og verður ekki endurtekið hér. Í vor var hestum sem endranær sleppt í hólf á tímabilinu frá um 23. maí til um 10. júní. Blóðtökur hófust um miðjan júlí og stóðu yfir til upphafs daga október. Í ár tók gildi ný reglugerð, nr. 900/2022, um blóðtöku úr fylfullum hryssum, sett á grunni laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Fyrirtækið fagnar þessari nýju reglugerð og telur flest ákvæði hennar greininni til bóta.

Fjöldi blóðtökuhryssna í ár var 4.141 og heildarfjöldi hryssna í stóðum bænda 4.779. Meðalgöð hryssa í ár gaf 5,0 sinnum en meðaltalið er 5,8 sinnum sé eingöngu lítið til þeirra sem gáfu blóð. Alls var tekið blóð í um 24 þúsund skipti. Stafrstöðvar voru um 90 í ár samanborið við tæplega 120 í fyrra.

### Árangur hryssna 2022

Hlutfallsleg dreifing á meðalfjölda blóðtökuskipta hjá hryssum árið 2022. Meðaltal árunna 2017-2021 til samanburðar. Staðalfrávik milli ára í sviga.

Skiptafjöldi hryssu	Hlutfall 2022	Meðalhlutfall árin 2017-2021 (staðalfrávik milli ára í sviga)
1	3,3%	1,5% (0,6)
2	6,3%	6,8% (0,8)
3	7,7%	9,2% (1,4)
4	8,2%	8,7% (1,1)
5	9,8%	12,2% (1,1)
6	13,4%	15,9% (0,4)
7	31,0%	29,7% (2,3)
8	20,3%	16,0% (2,5)

Taflan sýnir að allt bendir til að hlutfall úrvalsgóðra hryssna hvað varðar þann þátt sem hér er verið að vinna með, (gefa blóð 7 og/eða 8 sinnum), fari stækkandi. Hlutfall þeirra var 51,3% á nýliðnu tímabili en 45,7% að meðaltali á viðmiðunartímabilinu. Hæsta hlutfall á viðmiðunartímabilinu var árið 2021 og þá hið sama og nú, eða 51%, en hlutur átta skipta hryssna í ár er heldur læmri. Gefur þetta merki um að framþróun (kynbótaframför) sé í stóðum bænda hvað eiginleikann varðar, eins og lengi hefur verið markmiðið.

Í ár var nokkuð um falskar jákvæðar niðurstöður á rannsóknarstofu sem gerðu að verkum að fleiri hryssur en eðlilegt er gáfu aðeins einu sinni blóð (3,3% árið 2022 í stað 1,5% að meðaltali árin 2017-2021) og fylgjðust því líklega ekki. Starfsfólk rannsóknarstofunnar vinnur nú að því að bæta mæliaðferð upphafssýna. Niðurstöðurnar gefa til kynna að meðalfrjósemin sé yfir 83%. Til samanburðar gaf rannsókn frá því snemma á níunda áratugnum meðalfyljun upp á 82%. Seinni tíma rannsóknir hafa svo leitt í ljós tölur innan við 70%. Hvað frjósemi varðar eins og í fleiri þáttum, s.s. almennu heilsufari og þroska folalda, kemur blóðbúskapurinn vel út í öllum samanburði.



### Fylgiskjal 3: Skýrsla um blóðtökur árið 2022, bls. 2 af 4

#### Minni framleiðsla í ár en mikil hækkun afurðaverðs til bænda

Magnið af blóði sem safnaðist í ár var um fjórðungi minna en 2021 vegna fækkunar í hópi bænda en starfsstöðvum fækkaði eins og áður er getið. Ástæðuna telur fyrirtækið að megi fyrst og fremst rekja til þeirra áhrifa sem óheildarlega unnin og samsett myndbrot AWF, sem dreift var víða og m.a. sýnd í sjónvarpi, höfðu á bændur, ásamt því álagi sem fylgir því að upplifa sig jafnarsettan. Því miður tókst samtökunum það ætlunarverk sitt grátlega vel, að samfæra margt fólk og samtök með rakalausum fullyrðingum sem þau heimfærðu á atvinnugreimna í heild. Þá er ástæða samdráttarins einnig rakin til erfiðrar mönnunar í hópi dýralækna en lipurð annarra dýralækna og ráðning erlendra dýralækna kom í veg fyrir að meira tjón raungerðist en leit út fyrir á tímabili.

Nýtt greiðslukerfi var sett upp þannig að vægi þeirra hryssna í hjörðinni sem best gáfu af sér var aukið en sýnt þótti að þessi aðgerð myndi geta skilað bændum fjórðungshækkun í afurðarverði til jafnaðar. Að auki var grunntaxti blóðheimingar hækkaður um 8%. Þetta gekk eftir því andvirði blóðs fór hjá meðalgóðri framleiðsluhryssu úr kr. 70.000,- í kr. 95.000,- sem þýðir að afurðarverðið hefur hækkað um 35,7% til jafnaðar milli ára.

#### Eftirlit með blóðsöfnuninni á árinu

Eftirlitsdýralæknir Ísteika heimsótti yfir 90% starfsstöðva á tímabilinu. Einnig heimsóttu eftirlitsaðilar á vegum erlendra kaupenda á lyfjaefni Ísteika meirihluta bænda auk þess sem fyrirtækið hefur haft af því spurnir að MAST hafi heimsótt alla aðila á tímabilinu. Að ofangreindu ætti því að vera ljóst að býsna góð heildarmynd hafi náðst af blóðtökum hryssna á árinu.

#### Uppkomin frávik við blóðsöfnunina

Frávik kallast atburður eða aðstæður sem upp koma og geta haft áhrif á liðan hryssu. Í ár var í fyrsta sinn haldið skipulega utan um frávik sem er í alla staði jákvætt og er í samræmi við ákvæði í nýju reglugerðinni. Vissulega er alltaf erfitt að skilgreina nákvæmlega hvað telst eiginlegt frávik í tilbrigðaríku og um margt ófyrirsjáanlegu starfi eins og meðhöndlun stóðhrossa er og reglugerðin gefur eðlilega ekki nema takmarkaða forskrift, sjá c.-lið, 5. gr. reglugerðar nr. 900/2022. Því var sú ákvörðun tekin hjá Ísteika að skrá frekar meira en minna. Skráningarnar önuðust fulltrúar fyrirtækisins á blóðtökustað ásamt dýralæknum sem bera ábyrgð á blóðtökunni hverju sinni. Gögnin verða yfirfarin í vetur með það að markmiði m.a. að samræma og einfalda skráningarferlið, gera það skilvirkara til að auka gæði skráninganna. Gögnin munu þannig nýtast betur við framþróun verkferla í framhaldinu.

Af um 24.000 blóðtökum voru skráð frávik í 391 tilvikum (1,6%). Langflest tilvik voru skráð vegna hryssna sem sýndu einkenni túlkuð sem ótti eða streita. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra (90% tilvikaanna) jafnaði sig (roaðist) strax eða meðan á dvöl í bás stóð. Endurtekin frávik voru skráð hjá 41 hryssu og er það eindregin ráðlegging Ísteika að eigendur þeirra ihugi vel hvort þær eigi heima í þessu hlutverki til framþúðar.

Um langt árabil hefur verið haldið utan um slys og afföll gripa. Skráð slys á tímabilinu voru fimm hjá hryssum og eitt hjá folaldi og afföll hryssna voru alls sjö. Að meðaltali hafa afföll hryssna undanfarin ár verið um 0,1%. Þá voru á tímabilinu skráð tilvik sem kallast „ofbeiting valds“ í skráningarforminu teljandi á fingrum annarar handar sem er samt og mikið. Að mati Ísteika er mjög nauðsynlegt að allir sem koma að vinnu við blóðtöku missi ekki sjónar á hlutverki sínu og leggi ávallt höfuðáherslu á velferð og nærgæmi í umgengni sinni við hryssumar. Þetta á að sjálfsögðu við í hvaða búfjárhaldi sem er.





